

Um 4. lið. Stefnur mótmælir þessum lið sem allt of háum. Stefnandi hafði miklar og talsvert langvarandi þjáningar vegna fótbrotsins, og samkvæmt því, sem segir í vottorði héraðslæknis, dskj. nr. 19, hefur hann enn þá veruleg óþægindi, sem ekki er fyrirsjáanlegt, hversu varanleg verða. Varanlega örorku stefnanda áætla héraðslæknir 4%, eins og fyrr segir, þótt ekki sé hægt að ákveða það með vissu.

Með tilliti til þessa og aldurs stefnanda, sem var 27 ára, er hann slasast, þykja bætur fyrir þjáningar, óþægindi og örorku hæfilega metnar kr. 10.000.00.

Samkvæmt þessu verður niðurstaða málsins sú, að stefnur verður dæmdur til að greiða stefnanda, kr. 11.867.00, kr. 1.929.67, kr. 140.00 og kr. 10.000.00, eða samtals kr. 23.936.67, ásamt vöxtum, eins og krafizt er, og málskostnað, sem þykir hæfilega metinn kr. 2.750.00.

Friðjón Skarphéðinsson bæjarfógeti kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefnur, Jón G. Guðmann, greiði stefnanda, Þórði Gunnarsyni, kr. 23.936.67 ásamt 5% ársvöxtum frá 15. jan. 1948 til greiðsludags og kr. 2.750.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 13. október 1949.

Nr. 120/1948. **Valdstjórnin** (Jón N. Sigurðsson)

gegn

Páli Ingibergssyni (Theodór B. Líndal).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson

í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Sakaratriðum er rétt lýst í héraðsdómi, og varðar brot kærða við 1. gr. sbr. 1. mgr. 3. gr. og 5. gr. laga nr. 5/1920 og lög nr. 4/1924. Gullgildi íslenzkrar krónu er nú 23.594. Samkvæmt þessu og öðrum atvikum þykir sekt á hendur kærða hæfilega ákveðin 42.500 krónur til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Þá verður samkvæmt nefndri 5. gr. laga nr. 5/1920 að dæma kærða, sem hinn 2. apríl 1947 sætti refsidómi fyrir botn-

vörpuveiðar í landhelgi, til að sæta varðhaldi 2 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra svo og um greiðslu sakarkostnaðar í héraði ber að staðfesta.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflytningislaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 600.00 til hvors.

Dómsorð :

Kærði, Páll Ingibergsson, sæti varðhaldi 2 mánuði og greiði 42.500 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands. Verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, komi í hennar stað varðhald 7 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra svo og greiðslu málskostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflytningislaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Jóns N. Sigurðssonar og Theodórs B. Líndals, kr. 600.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 19. maí 1948.

Ár 1948, miðvikudaginn 19. maí, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu borgardómara að Tjarnargötu 10 af Gunnari A. Pálssyni setudómara, kveðinn upp dómur í málinu: Valdstjórnin gegn Páli Ingibergssyni, sem tekið var til dóms 13. þ. m.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Páli Ingibergssyni skipstjóra, Bakkastíg 10, Vestmannaeyjum, fyrir brot gegn lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924, um að miða við gullkrónur sektir fyrir landhelgisbrot, til refsingar, upptöku afla og veiðarfæra svo og til greiðslu sakarkostnaðar.

Kærði, Páll Ingibergsson, er fæddur í Vestmannaeyjum 7. maí 1913 og er því kominn yfir lögaldur sakamanna. Hann hefur, svo að kunnugt sé, sætt þeim refsingum, er nú greinir:

1933 10/4 Sætt í Vestmannaeyjum, 50 króna sekt fyrir ölvun og óspektir.

1940 29/10 Sætt á s. st., aðvörun fyrir brot gegn hafnarreglugerð Vestmannaeyja.

- 1943 4/5 Sætt á s. st., 100.00 króna sekt fyrir ölvun og óspektir.
 1947 2/4 Dómur s. st., 31.000.00 króna sekt fyrir botnvörpuveiðar í landhelgi. Afli og veiðarfæri v/b Reynis gerð upptæk.

Atvik máls þessa eru þau, að klukkan 10.30 miðvikudaginn 31. marz sl. var Grummanflugbátur flugfélagsins Loftleiða h/f hafinn til flugs af flugvellinum í Reykjavík. Flugmenn voru þeir Alfreð Eliasson flugstjóri, Eskihlið 7, og Stefán Magnússon flugmaður, Laugahvoli við Laugarásveg, báðir í Reykjavík. Var flugvélin send af framkvæmdastjóra landhelgisgæzlunnar, Pálma Loftssyni, og var ferðinni heitið með suðurströndinni austur að Ingólfshöfða í því skyni að athuga um ólög-mætar veiðar. Voru því með í förinni landhelgisgæzlumennirnir Jón Jónsson skipherra, Njálsgötu 4, og Eyjólfur Hafstein, 1. stýrimaður, Kjartansgötu 3, báðir í Reykjavík. Hefur Jón skipherra sem vitni skýrt frá ferðum flugvélarinnar á þá leið, er nú verður greint, og hefur Eyjólfur 1. stýrimaður, og sem vitni, staðfest þá frásögn hans svo og báðir fyrrgreindir flugmenn, einnig sem vitni, að því leyti sem þeir hafa verið spurðir.

Kveður Jón skipherra, að flogið hafi verið yfir Reykjanesskaga og komið að sjó við Krýsuvíkurborg, en þaðan hafi verið haldið austur með landi innan landhelgislinu í um það bil tveggja sjómílna fjarlægð frá landi. Á Herdísarvík hafi sétt togbátur að veiðum í landhelgi klukkan 10.53, og er komið hafi verið að Dyrhólaey, hafi enn sétt tveir togbátar í landhelgi. Á öðrum þessara báta hafi bátverjar breitt yfir nafn og umdæmistölu, er þeir hafi orðið þess varir, að farið var að athuga athafnir þeirra, en á hinum bátnum hafi bæði nafn og umdæmistala verið svo máð, að þeir gæzlumennirnir hafi ekki séð þau, enda þótt þeir gerðu sex tilraunir til þess. Á báðum þessum bátum hafi þó sétt umdæmisbókstafirnir V.E. Bátar þessir hafi verið 1.7 sjómílu innan landhelgislinu. Klukkan 11.55 hafi fluginu verið haldið áfram austur með frá þessum stað og stefnt laust af Kötlutanga utan við Hjörleifshöfða. Hafi hin flogna lína öll verið innan landhelgi, en misjafnlega langt vegna hlykkja landhelgislinunnar. Lengst hafi hún verið 2.4 sjómílu fyrir innan línuna, en stytzt 1.8 sjómílu. Þegar komið hafi verið austur á móts við Kötlutanga, hafi orðið á leið flugvélarinnar nokkrir bátar, þ. á m. v/b Reynir, V.E. 15, en það er togbátur að stærð rúmar 53 smálestir bruttó með 170 hestafla vél, og er eigandi hans h/f Reynir í Vestmannaeyjum. Skipstjóri á v/b Reyni var kærði, Páll Ingibergsson. Þar eð gæzlumenn töldu v/b Reyni vera þarna að ólöglegum landhelgisveiðum, hófu þeir athugun um stað hans og athafnir, en þá var klukkan alveg um 12 á hádegis. Segir Jón skipherra, að er komið hafi verið að bátnum, hafi hann stefnt austur með landi. Hafi verið flogið mjög nálægt bátnum á stjórnborðshlið og skammt fyrir ofan siglur hans að hæðinni til. Dálitið hafi verið flogið austur fyrir hann, en þá snúið við og stefna tekin á „Portlands“-víta til þess að gera staðarákvörðun bátsins. Hafi þá verið flogið vestur með honum aftur, og hafi flugvélin nú haft bátinn sömum megin við sig, þegar á móts við hann var komið. Á

Þessu flugi hafi landhelgisgæzlumennirnir báðir gert staðarákvörðun bátsins við fullkomlega öruggar aðstæður að öllu leyti. Hafi staðarákvörðunin verið framkvæmd þannig, að flugvélin hafi verið stafnsett á „Portlands“-vita. Þegar komið hafi verið yfir bátinn, hafi staður hans reynzt: austurkantur Hjörleifshöfða \neq Drang og réttvísandí miðun 281° á „Portlands“-vita. Enn fremur hafi Reynisdranga á sama tíma borið í Dyrhólaey að ofanverðu. Hafi staðarákvörðun þessi sýnt v/b Reyni 1.8 sjómílu innan landhelgislinu. Staðarákvörðun þessa bar skipherrann undir flugmennina, er hann hafði sett hana á kort. Höfðu þeir mælt fjarlægðina milli bátsins og strandar með því að fljúga þar á milli, og töldu þeir staðarákvörðun gæzlumannanna koma heim við athugun sína. — Í rannsókn málsins var lagt fram sjókort með ámörkuðum stað v/b Reynis, gert af Jóni skipherra og staðfest í lögregluréttinum af honum. Hlutaðlist dómarrinn til um, að skólastjóri Stýrimannaskólans, Friðrik Ólafsson, fyrrum varðskipsforingi, kynnti sér gögn málsins og athugaði staðarákvörðun skipherrans. Taldi skólastjórinn staðarákvörðunina rétta á kortinu, eftir því sem upp væri gefið, og staðfesti það álit sitt með áritun á fyrrgreint sjókort í viðurvist dómarrans. — Kærði hefur viðurkennt, að eins vel geti verið, að hann hafi verið í landhelgi umrætt skipti, þótt hann segist ekki geta um það sagt með neinni vissu. — Að staðarákvörðuninni lokinni flugu gæzlumennirnir enn austur með bátnum og héldu áfram för sinni til áframhalds gæzlustarfinu.

Að þessu athuguðu þykir ekki vafi leika á um það, að v/b Reynir hafi verið staddur á þeim stað, er fyrrgreind staðarákvörðun greinir, þegar landhelgisgæzlumennirnir athuguðu hann á fyrrgreindum tíma.

Við athugun sína töldu gæzlumennirnir sig verða þess vísa, að v/b Reynir væri þarna að botnvörpuveiðum í landhelgi, og er þeir komu heim úr gæzluförinni, sendu þeir bæjarfógetanum í Vestmannaeyjum símskeyti og kærðu skipstjórnann fyrir ólöglegar veiðar í landhelgi. Var rannsókn síðan hafin af settum bæjarfógeta, Axel Ó. Ólafssyni bæjarfógetafulltrúa, 2. apríl sl., en vegna anna taldi hann sig ekki geta haldið henni áfram og lokið málinu. Hinn 7. sama mánaðar var Gunnar A. Pálsson, lögfræðingur í Reykjavík, skipaður til þess að fara með málið sem setudómari. Hefur hann því farið með það síðan.

Kærði neitar að hafa verið að botnvörpuveiðum í landhelgi umrætt skipti. Hefur hann skýrt svo frá ferðum sínum, að hann hafi látið úr höfn í Vestmannaeyjum klukkan 4—4.30 að morgni 30. marz sl. Kastað hafi hann fyrst austur á milli Hrauna, en síðan flutt sig austur á móts við Pétursey. Þar hafi hann kastað klukkan 11.30—12 um daginn og síðan haldið áfram veiðum á sömu slóðum allan daginn og fram á nótt, en hluta nætur hafi hann þó látið reka. Með morgni 31. marz hafi hann haldið austur á Vík og kastað út af Vík klukkan 6 um morguninn. Þar kveðst hann síðan hafa verið að veiðum allan daginn, unz hann hafi farið heim til Eyja, en á heimleiðinni hafi hann tekið eitt tog út af „Portlandi“. — Þegar flugvélin hafi verið yfir bátnum klukkan 12 á hádegi, hafi hann verið á siglingu á litlum hraða út af Hjörleifshöfða,

og hafi báturinn snúið í austur, að því er sig minni. veiðarfærin hafi legið á þilfari og hlerarnir verið á sínum stað. Bátverjar hafi ekkert verið að vinna, en flestir verið á þilfari, er flugvélin hafi hætt að sveima þarna. Á þilfari hafi verið fiskur, en litill.

Í rannsókn málsins hafa bátverjar kærða verið krafðir vættis. Eru framburðir þeirra að mestu í samræmi við frásögn kærða, og verða nú rakin þau atriði þeirra, er einhverju virðast geta skipt.

Vitnið Skafti Jakobsson háseti minnst þess að hafa séð gæzluflugvélina og segir, að er hún hafi flogið yfir, hafi enginn verið við vinnu um borð. Öll veiðarfæri hafi verið innan borðs og báturinn hafi verið að lóna upp undir. Fiskur úr síðasta toginu hafi legið á þilfari bátsins.

Vitnið Jón Sigurðsson háseti segir, að er flugvélin hafi flogið yfir bátinn, hafi hann lónað út af Vik og áhöfnin ekkert aðhafzt. Nokkrir tittir, aðgerðir, hafi legið á þilfari.

Vitnið Grétar Skaftason háseti segir, að er flugvélin hafi flogið yfir bátinn, hafi varpan verið á þilfari og báturinn ekki verið að toga. Afli úr síðasta togi hafi verið á þilfari og aðeins byrjað að gera að honum.

Vitnið Hannes Marteinsson stýrimaður segir, að er gæzluflugvélin hafi flogið yfir v/b Reyni, hafi hann verið á hægri ferð út og austur og ekki verið að toga. Enginn hafi verið að vinna um borð. Eitthvað af aðgerðum fiski hafi verið á þilfari.

Um öll vitnin gildir það, að þau voru enn skipverjar kærða og undir hans stjórn, er þau voru leidd. Enn fremur taka öll vitnin kaup sitt í aflahlut. Af þessum ástæðum verða vitnin ekki talin óaðfinnanleg, og verður að meta framburði þeirra með þeim fyrirvara, er þau bera kærða í hag.

EKKI verður dregið í efa, að landhelgisgæzlumennirnir hafi athugað afhafnir bátsins og bátverja við góða aðstöðu, enda var veður og skyggni gott og ekki vont í sjó. Létu þeir flugvélina fljúga mjög nálægt bátnum í þrjú skipti. Athuguðu þeir, hvað fram fór um borð, bæði með berum augum og sjónaukum. Rúður flugvélarinnar voru hreinar, og vængirnir voru fyrir ofan gluggana og byrgðu því ekki sýn. — Dómarinn lætur þess getið í þessu sambandi, að hann hafi sjálfur, í því skyni að gera sér grein fyrir aðstöðu gæzlumannanna, látið flugvél fljúga með sig að togbáti á veiðum. Hafi sér virzt mjög góð aðstaða til allrar athugunar á bátnum, t. d. hafi dragstrengir sézt mjög greinilega.

Vitnið Jón Jónsson skipherra kveðst algerlega vissur um, að v/b Reynir hafi verið að botnvörpuveiðum, er yfir hann hafi verið flogið. Hafi dragstrengirnir sézt vel svo og það, hvernig þeir skáru sjóinn. Engin veiðarfæri hafi verið sjáanleg á þilfari né heldur hafi toghlerar verið sjáanlegir. Lítið hafi freytt fyrir bátnum, enda þótt sjáanlegt væri af skrúfuvatni hans, er verið hafi þungt, að vélinni hafi verið beitt af miklum krafti. Mikill fiskur hafi verið á frampilfari bátsins. Þá hafi það gerzt um borð í bátnum, þegar flugvélin hafi flogið hjá honum á vesturleið, að maður nokkur hafi breitt yfir nafn og umdæmistölu á stjórnborðshlið, en það hafi ekki orðið til meins, þar eð gæzlumennirnir

hafi þá þegar verið búnir að ná nafni hans og umdæmistölu.

Vitnið Eyjólfur Hafstein, 1. stýrimaður, kveðst og algerlega visst um, að v/b Reynir hafi verið þarna að botnvörpuveiðum. Hafi greinilega sézt allt, er fram hafi farið um borð. Tveir dragstrengir hafi sézt aftur úr bátnum stjórnborðs megin. Hvorki varpa né hlerar hafi sézt um borð. Allt hafi sér virzt benda til, að mikið álag væri á vél bátsins, sérstaklega skrúfuvatnið, en áreiðanlega hafi þó verið litil ferð á honum, enda hafi mjög lítið freytt fyrir honum að framan. Þá kveðst vitnið og hafa séð mikinn fisk á þilfari bátsins. Loks kveðst vitnið hafa veitt athygli manni, er verið hafi að breiða yfir umdæmisstafi bátsins stjórnborðs megin, þegar yfir hann hafi verið flogið á vesturleið.

Um tilraunina, er gæzlumennirnir segja frá, að gerð hafi verið til að varna því, að þeir sæju, hver báturinn væri, var kærði spurður í rannsókn málsins svo og vitnin Jón Sigurðsson, Grétar Skaftason og Hannes Marteinsson. Svöruðu bæði kærði og vitnin þessu svo óljóst og undanbragðalega, að telja má, að það sé viðurkennt af þeirra hálfu.

Báðir hafa landhelgisgæzlumennirnir staðfest framburð sinn með eiði.

Með vísun til framangreindra ákveðinna og eiðfesta vitnaframburða landhelgisgæzlumanna og þeirrar stoðar, er þeir eiga í viðurkenningu kærða á því, að afli hafi verið á þilfari, enda þótt það verði að teljast óeðlilegt, ef frásögn hans væri rétt, svo og nýgreindri, en að vísu nokkuð óljósri viðurkenningu þess, að tilraun hafi verið gerð til að dylja deili á bátnum, þegar yfir hann var flogið, þykir ekki varhugavert að telja uppvist, að v/b Reynir hafi verið að ólöglegum landhelgisveiðum með botnvörpu á fyrrgreindum stað og tíma þrátt fyrir gagnstæða framburði bátverja, er samkvæmt framansögðu engir geta talizt lögfull vitni í máli þessu, enda verður og að telja þá alla hluttakendur í hinum refsiverða verknaði kærða, þótt þeir séu að lögum undanþegnir refsingu.

Verður því að telja kærða hafa gerzt sekan við 1. gr. sbr. 3. gr. laga nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. og lög nr. 4 11. apríl 1924, um að miða við gullkrónur sektir fyrir landhelgisbrot. Þykir refsing kærða, sem áður hefur gerzt sekur um sams konar brot, með vísun til núverandi gullgildis íslenzkrar krónu (100 gullkrónur = 294.46 pappírskrónur) hæfilega ákveðin 35.000.00 króna sekt, er renna skal í Landhelgissjóð Íslands.

Verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, skal kærði afplána hana með 8 mánaða varðhaldsvist.

Þá skal og allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, er innan borðs voru í v/b Reyni, upptæk ger og andvirðið renna til Landhelgissjóðs Íslands.

Loks skal kærði greiða allan kostnað sakar þessarar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Theodórs B. Línalds hæstaréttarlögmanns, kr. 350.00.

Enda þótt kærði hafi áður gerzt sekur um sams konar brot, þykir

ekki eftir öllum atvikum alveg næg ástæða til að dæma honum varðhaldsvist eftir 5. gr. laga nr. 5 18. maí 1920.

Rekstur máls þessa hefur verið vítalaus.

Dómsorð :

Kærði, Páll Ingibergsson, greiði 35.000.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands.

Skal sektin greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en ella skal kærði aflána hana með 8 mánaða varðhaldsvist.

Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, um borð í v/b Reyni, V.E. 15, skulu upptæk ger og andvirðið renna til Landhelgissjóðs Íslands.

Kærði skal greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Theodórs B. Línalds hæstaréttarlögmanns, kr. 350.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 17. október 1949.

Nr. 124/1948. **Valdstjórnin** (Jón N. Sigurðsson)

gegn

Björgvin Jónssyni (Gústaf A. Sveinsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Jóns Asbjörnssonar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Sakaratriðum er rétt lýst í héraðsdómi, og varðar brot kærða við 1. gr. sbr. 1. mgr. 3. gr. og 5. gr. laga nr. 5/1920 og lög nr. 4/1924. Gullgildi íslenzkrar krónu er nú 23.594. Samkvæmt þessu og öðrum atvikum þykir sekt á hendur kærða hæfilega ákveðin 42.500 krónur til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Þá verður samkvæmt nefndri 5. gr. laga nr. 5/1920 að dæma kærða, sem hinn 27. febrúar 1946 sætti refsidómi fyrir botnvörpuveiðar í landhelgi, til að sæta varðhaldi 2 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra svo og um greiðslu sakarkostnaðar í héraði ber að staðfesta.